

Ed.

55. Frumvarp

til laga um árgjald af verslun og viðskiftum við útlönd.

Flutningsmenn: Jens Pálsson, Sigurður Stefánsson, Stefán Stefánsson.

1. gr.

Hver sá, hvort heldur einstakir menn eða fjelög, hverju nafni sem nefnast, er kaupir og flytur til Íslands vörur frá útlöndum, hvort heldur til verslunar eða hvers konar annara nota, eða flytur til útlanda til sölu íslenskar afurðir, lifandi eða dauðar, skal greiða gjald til landssjóðs, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Áður en 2 mánuðir sjeu liðnir frá árslokum skal hver sá, er gjaldskyldur er samkv. 1. gr. laga þessara, hafa skilað lögreglustjóra þeim, er í hlut á, skýrslu samdri eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið lætur gera, um:

1. hverjar útlendar vörur hann hafi flutt til landsins næstliðið ár, hverrar tegundar, og hve mikið af hverri tegund; og sje hann kaupmaður, hve mikið hann hafi selt af þeim og áður fyrirbyggjandi útlendum vörum á árinu, og við hvaða verði; en sje hann ekki kaupmaður, þá hvert sje innkaupsverð vöru hans að viðbættum 10% af því,
2. hverjar innlendar afurðir hann hafi flutt úr landi á árinu, og við hverju verði keyptar, eða hafi útflytjandi sjálfur framleitt vöruna, það verð, er er varan hefir seld verið og keypt á framleiðslustað.

Á skýrsluna skal hann votta við drengskap sinn, að hún sje rjett.

Vanræki gjaldandi að skila skýrslu, getur lögreglustjóri þröngvað hon-

um til þess með dagsektum alt að 20 kr., er hann getur ákveðið í bræfi til gjaldanda.

3. gr.

Gjaldið skal greitt svo sem hér segir:

1. af verði útlendrar vöru þannig:
 - a, af verði salts, steinolíu og alls konar vjelaolíu, segldúks, netagarns, færa, kaðla og strengja til skipa, atkerisfesta, atkera, alls konar fiskibáta- og fiskiskipa-áhalda og vjela, kalks, sements, þakhellna og þakjárns, hvers konar saums, svo og girðingaefnis úr járn 1¹/₂%.
 - b, af verði alls konar kornvöru og timburs 1%.
 - c, af verði kola 1¹/₂%.
 - d, af verði allrar annarar vöru 2%.
 2. af verði innlendrar útfluttrar vöru:
 - a, af verði lifandi penings og allra afurða af honum 2%.
 - b, af verði sjávarafurða og allra annara ótaldra afurða 1¹/₂%.
- Undanþegið gjaldi þessu eru kaffibaunir og hvers konar sykur.
- Unninn innlendir ullarvarningur og hjerlendis niðursoðin matvæli skal vera undanþegið gjaldinu.

4. gr.

Nú þykir lögreglustjóra skýrsla tortryggileg, að rangt sje frá skýrt annaðhvort um vörumagn innfluttrar og útfluttrar vöru, og selðrar áður innfluttrar vöru, eða um verðlag á vöru. Visar hann þá skýrslunni til yfirskattanefndar lögsagnarumdæmisins til ransóknar og úrskurðar. Skal þá yfirskattanefndin gera gjaldanda kost á, að koma fram með nánari skýringar og skirteini skýrslunni til sönnunar.

Þyki yfirskattanefnd skýringar gjaldanda eigi fullnægjandi, og komi það í ljós af bókum hans eða á annan hátt, að hann hafi vantalið vörumagn eða vöruverð, greiði hann tvöfalt gjald af vantaldri upphæð.

Gerri hann yfirskattanefnd enga frekari grein fyrir skýrslu sinni, og þyki yfirskattanefnd ástæða til að hækka framtal hans, skal hann greiða þrefalt gjald af hækkuninni.

Hendi sama gjaldanda í annað sinn undandrættur sá eða óregla, sem að ofan greinir, og yfirskattanefnd gerir honum hærra gjald, en skýrsla hans telur, sæti hann að auki sektum 10—500 kr.

Hendi slíkt sama gjaldanda í þriðja sinn eða oftari, skal hann auk hins hækkaða gjalds í hvert sinn sæta sektum frá 100—5000 kr.

5. gr.

Hvern þann dag, er yfirskattanefnd starfar samkvæmt lögum þessum, fá nefndarmenn dagpeninga, 6 kr. hver á dag, er greiðast úr landsjóði.

6. gr.

Lögreglustjórar innheimta gjaldið, og gera fyrir því reikningsskil á þann hátt, sem stjórnarráðið skipar fyrir. Af innheimtulaunum fá þeir 3% af gjaldinu.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, og sektir renna í landsjóð.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl., nr. 16, 4. nóv. 1881.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1913.